

## **Siðareglur félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs**

### **Í starfi sínu hjá félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs ber starfsfólki hennar**

- að sýna öllum sem þeir veita aðstoð virðingu, kurteisi og heiðarleika
- að hvetja og virkja einstaklinga, sem þeir veita aðstoð, til að móta eigið líf og til sjálfstæðis
- að veita þjónustu og stuðning af ábyrgð og nærgætni með velferð einstaklingsins að leiðarljósi
- að virða einkalíf einstaklingsins og gæta þagnarskyldu
- að mismuna engum sem veitt er aðstoð t.d. vegna aldurs, fötlunar, kyns, kynþáttar, kynhneigðar, þjóðernis eða trúarbragða
- að vera öllum sem það veitir aðstoð jákvæð og góð fyrirmynd
- að sýna aðstandendum kurteisi, virðingu og heiðarleika í viðmóti og umræðu
- að stuðla að því með starfi sínu að efla virðingu í samfélaginu fyrir öllum sem njóta aðstoðar félagsþjónustunnar
- að þekkja réttindi einstaklingsins og vinna samkvæmt gildandi lögum þar um
- að tileinka sér vönduð vinnubrögð og stundvísi
- að sýna samstarfsfólki kurteisi, virðingu, trúnað og heiðarleika í viðmóti og umræðu og styðja og styrkja hvert annað í starfi
- að gæta þess að mismuna ekki hvert öðru t.d. vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða eða viðhorfs og að leggja ekki hvert annað í einelti
- að leita sér upplýsinga, menntunar og fræðslu til að ná árangri í starfi og vera tilbúin að miðla þekkingu
- að virða þagnarskyldu og sýna vinnuveitanda trúnað. Trúnaður heldur áfram eftir að störfum er lokið.

**Samþykkt í félagsmálanefnd 21. febrúar 2011.**

**Samþykkt af sveitarstjórnnum Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps í mars 2011.**